Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavik · Iceland
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími/Tel: +354 515 90 00
Fax: +354 515 90 07

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 08.11.2019
Tilvísun vor: M-2019-266/08.03

Efni: **Drög að Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020 til 2024**

Vísað er til máls nr. S-267/2019 í samráðsgátt stjórnvalda þar sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið f.h. Eyþings kynnir drög að *Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2020 til 2024* og leitar umsagna um drögin. Landsvirkjun hefur kynnt sér gögn um málið sem birt eru á samráðsgáttinni og vill nýta tækifærið til að koma að umsögn þessari.

Landsvirkjun er með talsverða starfsemi á Norðurlandi eystra, skrifstofu á Akureyri, og orkuvinnslu í vatnsaflsvirkjunum í Laxá og jarðgufustöðvum í Bjarnarflagi, Kröflu og á Þeistareykjum. Í undirbúningi hefur verið aukin vinnsla jarðhita á svæðinu auk þess sem virkjunarkostir í Skjálfandafljóti hafa verið til skoðunar í samstarfi við aðila í héraðinu. Svæðið hefur því mikla þýðingu fyrir rekstur fyrirtækisins og áframhaldandi uppbyggingu.

Í stefnu Landsvirkjunar um samfélagslega ábyrgð er m.a. lögð áhersla á gott samstarf við samfélagið með því að stuðla að gegnsæjum vinnubrögðum og gagnvirku upplýsingaflæði þannig að samfélagið njóti góðs af starfsemi fyrirtækisins. Einnig er lögð áhersla á að skapa virði fyrir atvinnulíf og samfélag með því að miðla þekkingu og stuðla að nýsköpun. Á svæðinu hefur um langt skeið verið mikið og gott samstarf við nærsamfélagið í anda þessa. Landsvirkjun hefur haft gagn af því og fengið góðar ábendingar um það sem betur má fara.

Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun vinnur að því að auka verðmætasköpun byggða á þeim auðlindum, m.a. með verkefnum í fjölnýtingu á orku- og efnisstraumum sem losna við vinnslu raforku úr jarðvarma. Nokkur dæmi um verkefni sem styðja við samfélag og atvinnulíf á svæðinu:

- Landsvirkjun er stofnaðili að Jarðböðunum við Mývatn og á 19% hlut í félaginu. Fyrirtækið hefur komið með virkum hætti að uppbyggingu jarðabaðanna. Böðin nýta orku frá Landsvirkjun, m.a. affallsvatn frá Bjarnarflagsvirkjun. Jarðböðin eru stofnaðili í Sjóböðunum við Húsvík og eiga 16% hlut í félaginu. Jarðböðin hafa tekið virkan þátt í að uppbyggingunni þar.
- Endurnýjanlegir orkugjafar eru hluti af sterkri ímynd Íslands og mikil tækifæri eru til nýsköpunar m.a. aukinni verðmætasköpun í ferðaþjónustu, með gagnaverum, þörungaræktun og vörum og þjónustu er tengjast heilsu og vellíðan. Eimur (www.eimur.is) er gott dæmi um samstarfsverkefni sem snýr að bættri nýtingu orkuauðlinda og nýsköpun í sjálfbærni- og orkumálum á Norðurlandi eystra. Að verkefninu standa auk Landsvirkjunar, Norðurorka, Orkuveita Húsavíkur og Eyþing.

Eimur hefur komið að mörgum verkefnum síðustu ár m.a. kortlagning náttúruauðlinda á Norðausturlandi með áherslu á sjálfbæra nýtingu, hugmyndasamkeppni um nýtingu lághitavatns, hugmyndasamkeppni um matvælaframleiðslu með jarðvarma, sumarskóli um sjálfbærni og fjölnýtingu og *Viltu sigra EIMINN*, verðlaun sem voru veitt fyrir bestu hugmyndina er tengdist sjálfbærni, aukinni nýtingu auðlindastrauma og/eða samspili orku, umhverfis og samfélags.

- Landsvirkjun og MýSilica hafa unnið að samstarfsverkefni varðandi þróun og framleiðslu kísilríkra snyrtivara úr jarðhitavatni. Gert er ráð fyrir að fyrirtækin haldi áfram samstarfi næstu árin með það að markmiði að hafin verði framleiðsla á snyrtivörum.
- Landsvirkjun hefur einnig unnið samstarfsverkefni með MýSköpun með það að markmiði að meta fýsileika þess að MýSköpun rannsaki og rækti þörunga sem m.a. er að finna í Mývatni. Gert er ráð fyrir áframhaldandi samstarfi næstu árin með það að markmiði að þróa, framleiða og markaðssetja vörur tengdar þörungaræktun.
- Virkjanir Landsvirkjunar á svæðinu eru á eða í næsta nágrenni við fjölsótta ferðamannastaði. Landsvirkjun hefur um langt skeið tekið á móti gestum í Kröflu yfir sumartímann, en Krafla er eitt frægasta jarðhitasvæði heims. Síðasta sumar heimsóttu yfir sautján þúsund gestir gestastofuna. Í gestastofunni í Kröflu er lögð áhersla á jarðvarmann, sögu og nýtingu, auk tækifæra sem tengjast honum.
- Landsvirkjun og Mývatn Volcano Park (MVP) undirrituðu í apríl 2019 samstarfssamning um tilraunaverkefni í orkutengdri ferðaþjónustu. Markmið samstarfssamningsins er að auka verðmætasköpun á grundvelli orkuauðlinda og innviða Landsvirkjunar. MVP hyggst skipuleggja ferðir undir nafninu *Living on a Volcano* og fær til þess aðgengi að vinnslusvæði Landsvirkjunar við Kröflu og Bjarnarflag. Í þessum ferðum læra gestir um eldfjöll á Íslandi, jarðhitann, fjölnýtingu og hinar góðu og slæmu hliðar sambýlis mannsins við eldfjallið.
- Með sjálfbærniverkefninu á Norðausturlandi (www.gaumur.is) eru könnuð áhrif Þeistareykjavirkjunar, uppbyggingar iðnaðar og aukinna umsvifa í ferðaþjónustu á samfélag, efnahag og umhverfi á svæðinu frá Vaðlaheiði í vestri til Tjörneshrepps í austri. Vaktaðir eru 20 vísar til að meta áhrifin. Þekkingarnet Þingeyinga rekur verkefnið fyrir Landsvirkjun. Verkefnið sækir fyrirmynd í Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar á Austurlandi sem var sett á laggirnar á árinu 2004. Lesa má nánar um það verkefnið á *www.sjalfbaerni.is*.
- Fjöldamörg alþjóðleg rannsóknarverkefni tengd orkunýtingu og eldfjallavísindum eru stunduð á orkuvinnslusvæðum Landsvirkjunar á Norðausturlandi. Líklegt er að umfang slíkra verkefna eigi eftir að aukast á komandi árum og stuðla að aukinni rannsóknarvirkni á svæðinu og nýjum tækifærum þeim tengdum. Þar má meðal annars nefna verkefnin, Krafla Magma Testbed (KMT) sem er alþjóðlegt samstarfsverkefni um að byggja upp rannsóknarmiðstöð í eldfjallafræði í Kröflu sem og ýmis önnur samstarfsverkefni við fyrirtæki, háskóla og stofnanir í Evrópu og Bandaríkjunum.

Vegna reksturs á svæðinu fara þar fram margvíslegar vöktunarrannsóknir og rannsóknir vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda. Auk þess vinnur Landsvirkjun að margvíslegum rannsóknum og verkefnum á svæðinu. Hér á eftir er gerð örstutt grein fyrir

nokkrum verkefnum sem kunna að koma að gagni við gerð og útfærslu sóknaráætlunarinnar.

- Í tengslum við undirbúning Þeistareykjavirkjunar var haft samráð við aðila sem stunda ferðaþjónustu á svæðinu. Nefna má að Ferðamálasamtök Þingeyjarsveitar, Húsavíkurstofa, Mývatnsstofa og Landsvirkjun héldu í byrjun árs 2015 samráðsfund um samspil ferðaþjónustu við virkjun og virkjunarframkvæmdir við Þeistareyki. Niðurstöður fundarins má lesa í skýrslunni *Samráðsfundur með ferðaþjónustuaðilum vegna framkvæmda við Þeistareykjum* (LV-2015-028).

- Sumarið 2017 var gerð rannsókn á Kröflusvæðinu um *Áhrif orkuvinnslu í Kröflu á upplifun ferðamanna,* niðurstöður könnunarinnar hafa verið birtar (LV-2018-44). Landsvirkjun fékk Rannsóknarmiðstöð ferðamála til að vinna könnunina. Markmiðið með rannsókninni var að meta áhrif Kröflustöðvar og tengdra mannvirkja á upplifun ferðamanna og bera saman við niðurstöður úr sambærilegri rannsókn sem fór fram á Blöndusvæði árið 2016. Þá voru niðurstöður spurningakannana sem voru til umfjöllunar í þriðja áfanga Rammaáætlunar (verndar- og orkunýtingaráætlun) einnig hafðar til hliðsjónar.

- Sumarið 2017 fékk Landsvirkjun Rannsóknamiðstöð ferðamála til að kanna áhrif virkjunarframkvæmda á Þeistareykjum á ferðamennsku. Skýrsla um verkefnið hefur verið gefin út: *Rannsókn á ferðamálum á virkjunarsvæði við Þeistareyki* (LV-2018-019).

- Í skýrslunni *Ásýnd og landmótunarfrágangur við Kröflustöð* (LV-2017-025) er lagt mat á stöðuna hvað þetta varðar og sett fram áætlun um úrbætur um landmótunarfrágang og bætta ásýnd við stöðina.

- Mannvirki á virkjunarsvæðunum hafa verið skráð og metin út byggingarlistar- og menningarsögulegu gildi og gefnar út skýrslur um það: *Mannvirkjaskráning í Bjarnarflagi og Kröflustöð* (LV-2017-061) og *Mannvirkjaskráning í Laxárstöðvum* (LV-2017-114). Tilgangurinn er einkum að tryggja að nauðsynleg þekking sé fyrir hendi þegar teknar eru ákvarðanir um breytingar á einstökum húsum eða húsaþyrpingu.

Landsvirkjun telur fyrirliggjandi drög að sóknaráætlun skýr og aðgengileg. Fagnað er að íbúar svæðisins líti á orkulindirnar sem styrkleika og að tækifæri séu fólgin í frekari nýtingu, eins og fram kemur í SVÓT greiningu. Greiningin sýnir jafnframt að flutningskerfi raforku hefur verið veikleiki og takmarkað möguleika bæði fyrirtækja í rekstri og nýrra, en með styrkingu milli Fljótsdals og Akureyrar sem Landsnet vinnur nú að fæst nokkur bót á því.

Meðal helstu áherslna í atvinnu og nýsköpun er að *Skilgreina landshlutann fyrir aukna og betri orkunýtingu með sérstakri áherslu á jarðvarma.* Svæðið er ríkt af orkulindum, bæði jarðvarma og vatnsafli og því forsendur til að þetta geti gengið eftir. Landsvirkjun hefur með þátttöku í verkefnum reynt að veita þessu brautargengi.

Landsvirkjun tekur undir helstu áherslu í umhverfismálum hvað varðar *Orkugjafar. Vitund og ábyrgð* (bls. 32). Mikilvægt er að vinna skipulega að orkuskiptum í samgöngum og móta stefnu um nýtingu orkulinda á svæðinu. Við mat á umhverfisávinningi er mikilvægt að líta í senn til staðbundinna, svæðisbundinna og hnattrænna áhrifa. Sérstaklega á þetta við um losun gróðurhúsalofttegunda.

Almennt eru þau markmið sem sett eru fram skýr og tímasett og ætlunin er að fylgjast með þeim með mælingum. Þetta er mikilvægt til að tryggja skilvirkni og eftirfylgni. Meðal markmiða í umhverfismálum á bls. 33 kemur fram að markmiðið sé að minnka kolefnisspor landshlutans um 50% á tímabilinu. Ekki er gerð nánari grein fyrir þessu markmiði að öðru leyti en að uppruni mælinga sé hjá Landgræðslunni. Æskilegt væri að skýra þetta nánar. Í þessu sambandi telur Landsvirkjun rétt að vekja athygli á farsælu samstarfi við bæði Skógræktina og Landgræðsluna vegna mótvægisaðgerða en einnig til að jafna kolefnisspor fyrirtækisins. Á árinu 2007 samþykkti stjórn fyrirtækisins að jafna kolefnisspor þess og á árinu 2015 var ákveðið að því markmiði skuli náð eigi síðar en árið 2030. Losun frá jarðvarmavirkjunum fyrirtækisins vega þungt og fyrir landshlutann mun því skipta miklu að kolefnisspor þeirra verði jafnað.

Að lokum

Landsvirkjun hefur áhuga á að rekstur fyrirtækisins og framkvæmdir á svæðinu nýtist þörfum nærsamfélagsins sem best. Góð samskipti, samvinna og samtal er mikilvægt til að tryggja sjálfbæra þróun samfélagsins. Landsvirkjun er reiðubúin til að leggja sitt af mörkum til að vinna að framgangi þess.

Virðingarfyllst,

Hörður Arnarson,
forstjóri

Rafrænt afrit: helgamaria@eything.is